

88 Rísi ágreiningur um atkvæðisrétt kröfuhafa eða upphæð kröfu hans, sker
27. júlí sjóðstjórnin úr þeim ágreiningi.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

89
16. ágúst

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Skagafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd hefir yfirumsjón allra fjallskilamála, er snerta upprekstrarlönd sýslubúa. Hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum, hver í sínum hreppi, eða í samlögum, þar sem fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllu eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

3. gr.

Allt land skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem að fornu verið hafa. Svo getur og sýslunefnd ákveðið nýja afrétti, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta, og lagt til þeirra heimalönd einstakra jarða eða landsparta, er þær hafa umráð yfir.

4. gr.

Sýslunefnd semur skrá yfir alla afrétti, er sýslubúar nota. Skal þar lýst ummerkjum þeirra, og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern af-

rétt. Skrá þessi gildir sem heimild fyrir upprekstrarrétti hvernar jarðar í 89 sýslunni, og verður henni ekki breytt, nema eftir tillögum hreppsnefnda og með 16. ágúst samþykki jarðareiganda eða umráðanda.

5. gr.

Enginn má nota annan afrétt en þann, sem hann á upprekstur á, nema allar hlutaðeigandi hreppsnefndir leyfi. Sömu leiðis má enginn taka hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland af þeim, sem ekki er í því upprekstrarfélagi, nema með leyfi allra þeirra hreppsnefnda, er umráð hafa yfir landinu. Leyfið gildir aðeins eitt ár í senn.

Telji hreppsnefnd afrétt ofsetinn, er hlutaðeigandi hreppur á upprekstrarrétt í, þá getur hún borið það upp á almennum fundi í upprekstrarfélagi þess afréttar, að takmarka notkun afréttarins þannig, að hver jörð, sem þar á upprekstur, megi aðeins reka þangað tiltekna tölu hrossa og sauðfjár.

Fái tillaga um þetta fylgi $\frac{2}{3}$ félagsmanna, þeirra, er jarðarumráð hafa og fund sækja, skal hún vera bindandi fyrir upprekstrarfélagið í heild sinni.

Til þessa fundar skal hreppsnefndin boða alla hlutaðeigendur með minnst eins mánaðar fyrirvara. Mæti þá ekki $\frac{2}{3}$ félagsmanna þeirra, er atkvæðisrétt eiga, skal boðað til nýs fundar með minnst $\frac{1}{2}$ mánaðar fyrirvara, og getur hann tekið gilda ákvörðun, ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fundinn.

6. gr.

Enginn má hafa afrétt til sérstakra afnota fyrir sjálfan sig, svo sem til slæгна eða beitar fyrir búsmala. Eigi má ónáða fénað á afréttum, og ekki heldur án leyfis hreppsnefndar taka þaðan fé eða hross fyrir fjallgöngur á haustum, nema málnytupeningur sé eða tamin hross. Allur heimrekstur afréttarfénaðar á einstaka bæi, gangnadagana, er stranglega bannaður. Enginn má sleppa fé sinu á afrétt eftir fyrstu göngur, nema hreppsnefnd leyfi.

III. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum.

7. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða afnota, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

8. gr.

Hreppsnefnd skal skipa fyrir um smölun sauðfjár til rúnings á vorum, bæði í heimalöndum og á afréttum. Gangnaskyldir á afréttum eru allir þeir, sem þar eiga upprekstur. Hið sama gildir um smölun til fráfaræna.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi, skulu vorgöngur á afrétti ákveðnar af hreppsnefndum upprekstrarfélagsins í sameiningu.

- 89 Kostnaður við þær kemur niður á hreppana eftir sömu hlutföllum og sameiginleg fjallskil.
16. ágúst

9. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefir úr löndum eiganda eða kemur fyrir fjarri eigendum, þegar vorgöngur til rúnings eru afstaðnar, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, er þá finnandi skyldur, ef honum er unnt, að hirða og rýja geldfé, og sömuleiðis ær, séu þær rúningshæfar, og einnig að marka ómörkuð lömb. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúið eða markað. Í ómakslaun bera finnanda 30 aurar fyrir að rýja kind og 20 aurar fyrir að marka lamb.

IV. KAFLI

Um rekstur til afrétta.

10. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkær og geldfé, þegar það er komið úr ull, svo og stóðhross, sé rekið til afréttar svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur atvik leyfa. Áður en fráfernälömb eru rekin á fjall, skal sitja þau heima eigi skemur en þrjá sólarhringa. Reka skal á miðjan afrétt, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið. Séu heimalönd notuð til uppreksturs, skal reka þangað sem búsmali sist gengur, og með leyfi landráðanda. Reka skal þannig gegn um heimalönd manna, að sem minnstur bagi verði að. Aldrei má án leyfis eiganda reka fénað annara manna til afréttar, nema víst sé, að afréttarfénaður sé. Afréttarpeningur eru öll hross ótamin og sauðfé nema mál-nytuær og lífhrútar.

11. gr.

Enginn má hafa stóðhross, geldfé eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema hreppsnefnd og nágrannar leyfi, enda ábyrgist eigandi að fénaðurinn geri engum skaða. Nú eru stóðhross eigi rekin til afréttar eftir skipun hreppsnefndar, og má hún þá láta reka þau á kostnað eiganda, ef hann er í sama upprekstarfélagi.

12. gr.

Ef sauðfé gengur úr afrétti á sumrum í búfjárhaga, getur sá, er fyrir ágangi verður, gert hreppsnefndinni þar í hreppi aðvart um það. Skipar hún þá fyrir um smölun þess og rekstur til afréttar. Kostnað við smölun og rekstur borgar landráðandi að $\frac{1}{4}$, en $\frac{3}{4}$ greiðist úr fjallskilasjóðum eða sveitarsjóðum upprekstrarfélagsins, tiltölulega við það, sem hver hreppur leggur til sameiginlegra fjallskila, nema öðruvísi sé um samið.

Hið sama gildir um stóðhross, er úr afrétti ganga á sumrum, ef landráðanda og hreppsnefnd kemur saman um að reka þau til afréttar.

Þessi ákvæði gilda þar til vika er til gangna.

13. gr.

89

16. ágúst

Ef stóðhross eru í óskilum í heimahögum að sumrinu og ekki rekin til af-réttar, getur sá, er fyrir ágangi verður, gert eiganda aðvart um að hirða þau eða tilkynnt það hreppsnefnd, er þá sér um aðvörun til eiganda. Kostnaður við sendiferð með tilkynningu greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, þar sem hrossin koma fyrir. Í hagagjald fær ágangspoli 25 aura fyrir hvert hross um sólarhring, er reiknast frá því er tilkynning barst til eiganda, og borgist um leið og hrossa er vitjað, ella má halda þeim að veði, unz borgun er greidd.

Nú þekkist ekki eigandi, eða ekki næst til hans sökum fjarlægðar, eða hrossa er eigi vitjað innan þriggja sólarhringa frá tilkynningu, eða hrossin koma annað sinn í land sama manns, og skulu þau þá afhent hreppstjóra, er tekur þau í gæzlu gegn 25 aura gjaldi um sólarhring, og fer með þau að öðru leyti sem óskilahross á haustum.

14. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fénað, sem á afrétt á að fara, í land ann-ars manns, til beitar um sumar, hvort heldur er heimaland eða afréttur, skal greiða hagatoll til landeiganda, 3 krónur fyrir hvert hross og 10 aura fyrir hverja sauðkind. Nú tekur einhver hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland af þeim, sem ekki er í því upprekstrarfélagi, og skal hann þá svara upprekstrarfélaginu sama hagatolli og fyrr segir. Sæti ella málssókn til skaðabóta.

V. KAFLI

15. gr.

Um fjallskilaskyldu.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hvort sem hann er búandi eða bú-laus. Skal hann leggja til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd fyrirskipar. Hreppsnefnd skal og hafa rétt til að leggja fjallskil á búendur og umráða-menn þeirra jarða, þar sem framfleytt er litlum eða engum afréttarpeningi, ef þess telst brýn þörf. Álagningin skal miðast við landverð án hlunninda, samkvæmt fasteignarmati og má fjallskilagjaldið aldrei vera hærri en 3 af þúsundi.

16. gr.

Skyldur er hver maður að gera full fjallskil á þeim afrétti, þar sem hon-um ber upprekstur, þó að hann noti annan afrétt eða heimaland, nema allar hlutaðeigandi hreppsnefndir veiti undanþágu, er gildi eitt ár í senn. Nú not-ar einhver með leyfi landeiganda annan afrétt en honum ber upprekstur á og er honum skylt að gera þar full fjallskil að tiltölu við fjárfjölda, ef hann hefir fengið undanþágu frá fjallskilum á þeim afrétti, þar sem honum ber upp-rekstur, en að öðrum kosti skal hann gera þar fjallskil tiltölulega að hálfu

- 89 móts við fjallskil annara í því upprekstrarfélagi. Noti einhver annara land
16. ágúst til uppreksturs heimildarlaust ber honum að gera þar full fjallskil, þótt hann
fái enga undanþágu, þar sem honum ber upprekstur.

17. gr.

Hver sá fjáreigandi, er notar land utan upprekstrarfélags síns, skal tilkynna það hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri, og afhenda henni jafnframt greinilegt framtal á fénaði sínum.

Nú á einhver að gera fjallskil í öðrum hreppi, en hann er búsettur í, og skal á hreppsnefndin, þar sem hann á heima, senda hreppsnefnd þeirri, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign hans eftir vorframtali, áður 14 vikur eru af sumri.

18. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eða fulltrúar þeirra eiga fund með sér í 16. viku sumars til að semja um, hvernig fjallgöngum skal haga og jafna niður sameiginlegum fjallskilakostnaði milli hreppanna. Til þess fundar kveður oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram fjártal fjallskilaskyldra manna í hreppnum að vorinu, staðfest af hreppstjóra, og fer eftir því, hve marga menn hver hreppur leggur til í göngurnar. Meta skal til dagsverka eða peningaverðs göngur hvers gagnaflokks. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

Heimilt er hreppsnefndum að skipta upprekstrarsvæði milli hreppsfélaga til smölunar. Annast þá og ábyrgist hvert hreppsfélag allar nauðsynlegar fjárleitir á sínum úthlutaða landsparti.

19. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður á fjáreigendur í tæka tíð. Skal það vera aðalregla, að jafnt sé lagt á hvert hross sem á 3 sauðkindur. Aðfinningar við niðurbjörgunina skal bera upp bréflega fyrir oddvita hreppsnefndar fyrir 20. dag októbermánaðar, og hefir sýslunefnd úrskurðarvald í þeim málum, ef ekki næst samkomulag milli hreppsnefndar og kæranda.

20. gr.

Við niðurbjörgun fjallskilakostnaðar er rétt að ætla nokkuð fyrir óvissu útgjöldum og leggst það fé í sérstakan sjóð, er nefnist fjallskilasjóður. Um reikningsskil fjallskilasjóðs gilda sömu reglur og um sveitarsjóðsreikninga.

VI. KAFLI

89

16. ágúst

Um fjallgöngur á haustum.

21. gr.

Fjallgöngur skulu vera tvennar að minnsta kosti hvert haust. Aðalgöngur skulu byrja mánudaginn í 22. viku sumars, nema göngur séu færðar með samþykki allra hlutaðeigandi hreppsnefnda. Það er á valdi hreppsnefnda, hvort þær láta þriðju göngur fram fara. Ennfremur hafa hreppsnefndir vald til að láta gera eftirleitir á afréttum og viðlendum heimlöndum, og skulu þær koma sér saman um það við síðustu rétt á hausthreppaskilum. Að öðrum kosti skal því máli ráðið til lykta af hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Jafnframt skal hreppsnefnd auglýsa, hvort hún fyrirskipi eftirleit á því hausti. Að því leyti sem kostnaði við eftirleitir að tilhlutun hreppsnefnda er ekki jafnað niður með öðrum gangnaskilum, greiðist hann úr fjallskilasjóðum eða sveitarsjóðum uppreksrarfélagsins eftir sömu hlutföllum og önnur sameiginleg fjallskil.

22. gr.

Hreppsnefndin eða kjörinn maður úr nefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsþúa með gangnaboði til fjallskila, nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Skal þar nákvæmlega tekið fram, hvað hverjum þeirra ber að leggja til fjallskila það haust.

Ekkert má fyrirskipa í gangnaboðinu, er komi geti í bága við fulltryggjandi fjárskil eða ákveðin réttahöld innan sýslu.

23. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skipar duglegan gangnaforingja fyrir hvern gangnaflokk, einn eða fleiri, eftir því sem til hagar á hverju uppreksarsvæði. Gangnaforingjar skulu jafnan vera sjálfir í göngum, og skipa fyrir um, hvernig þeim skal haga. Skulu þeir sjá um, að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar, og kveðja menn til að gæta safnsins, þar til vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnaforingja sínum. Öll óhlýðni gegn skipunum hans varðar sektum. Þóknun til gangnaforingja telst með gangnaskilum.

24. gr.

Gangnaforingi skal annast um, að farið sé svo vel sem unnt er með fé og hross í göngum. Ef kindur koma fyrir, sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal slátra þeim og taka úr þeim innfyli, en flytja þær að öðru leyti til réttar. Finnist dauð kind í göngum, skal hún á sama hátt flutt til réttar, ef nýtileg er. Ef hross af einhverjum ástæðum geta ekki gengið til réttar, eða ef hross drepst í göngum eða finnst fyrir skömmu dauðt, skal tafarlaust, þegar komið er til byggða, tilkynna það hreppsnefnd, er þá lætur sækja það og

- 89** flytja til réttar gegn borgun úr fjallskilasjóðum eða sveitarsjóðum upprekstrarfélagsins, sé eigandi skepnunnar innan sýslu, en að öðrum kosti gegn borgun frá eiganda.
16. ágúst

25. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum og hefir þá fjallskilastjóri vald til að kalla til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, sem útheimtist til góðra fjárskila.

26. gr.

Ef fjáreigandi hefir engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann skal hann tilkynna það fjallskilastjóra bréflega 6 dögum áður en fjallgöngur byrja. Taki fjallskilastjóri undanfærzlu hans gilda, borgar hann göngurnar sektalaust. En fjallskilastjóri annast um að útvega mann í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað sem vantar.

27. gr.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í göngur eða gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til í gangnaboði, skal hann auk borgunar fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, greiða aukagjald, er nema $\frac{1}{4}$ af matsverði þeirra.

Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnaforingi og helmingur gangamanna í hans flokki telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, má vísa honum heim aftur, og er þá fjáreiganda skylt að borga gangnaskilin, eins og hann hefði engan sent.

Sannist það, að gangamaður eða annar, sem fjallskil á að inna af hendi, vanræki skyldustörf sín, getur hreppsnefnd krafizt uppbótar frá honum eða þeim er hann sendi, eftir því sem hæfa þykir. Vilji hann eigi hlíta úrskurði hreppsnefndar, getur hann skotið málinu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir gangnasvik eða vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þess hrepps eða þeirra hreppa, sem hlut eiga að máli.

28. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að koma upp hentugu skýli fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf. Kostnaður, sem af þessu leiðir, greiðist úr afréttarsjóði, ef slíkur sjóður hefir verið stofnaður, en annars úr fjallskilasjóðum eða sveitarsjóðum upprekstrarfélagsins.

VII. KAFLI.

89

Um réttir og réttahöld.

16. ágúst

29. gr.

Eftir tillögum hreppsnefnda ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt skal vera og hvar aukarétt, sömuleiðs undir hverja aðalrétt hver aukarétt heyrir, og ennfreður hvern afrétt og heimalönd ganga skal til hverrar réttar, og ráða sýslutakmörk, nema öðruvísi sé ákveðið. Skal skilgreining á þessu koma inn á skrá þá, sem getið er um í 4. gr. um afrétti og takmörk þeirra.

30. gr.

Kostnaður við byggingu og viðhald rétta, hvílir á fjallskilasjóði hreppsins eða hreppanna, ef fleiri eru í upprekstrarfélaginu og skal í því skyni greiða árlega í sjóðinn ákveðið gjald af hverri sauðkind og hverju hrossi, sem fjallskyld eru, enda sé skylt að hafa fjallskilasjóð í hverjum hreppi. Ákveður hreppsnefnd gjald þetta árlega eftir þörfum á hverjum stað og innheimtir það með öðrum tekjum sjóðsins.

Við hverja aðalrétt skulu allir í upprekstrarfélaginu hafa nægilegt dilksrúm, hver fyrir sig eða fleiri í samlögum. Ennfremur skulu vera sérstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fé úr öðrum hreppum, er hlutaðeigandi hreppar byggja og viðhalda á sinn kostnað, nema svo sé um samið, að upprekstrarfélagið kosti byggingu þeirra og viðhald, móti því að hlutaðeigandi upprekstrarfélag sýni því aftur sömu skil.

31. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að réttir séu vandlega byggðar og vel viðhaldið, einnig að allir dilkar við þær séu í gildu standi kvöldið áður en réttað er. — Vanræki einhver að vinna að réttar eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á hans kostnað.

32. gr.

Hreppsnefndir skipa duglegan réttarstjóra við hverja aðalrétt og aukarétt. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir, hvernig fjáldrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, er valdið getur hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum. Þóknun til réttarstjóra telst með gangnaskilum.

33. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa duglegan dilkstjóra fyrir hvert dilksfélag, til að vera réttarstjóra til aðstoðar við réttarstörfin. Dilkstjórar skulu gæta þess, að misdráttur eigi sér ekki stað, og sjá um heimrekstur fjárins frá réttinni. Enginn má hleypa út úr dilk fyrir en réttarstjóri leyfir, og búið

89 er að kanna féð í dilknum. Að þeim starfa eru allir skyldir að vinna, þeir sem 16. ágúst réttarstjóri til þess nefnir.

34. gr.

Réttarstjóri annast um, að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í dilk sér, svo að eigendum gefist kostur á, að láta lambsmæður helga sér þau. Engin má helga sér marklausa kind af fjárbragði einu. — Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrár í fyrstu sem síðari réttum, og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Á réttarstjóri heimtingu á að fá nægilega marga menn úr hverju dilksfélagi sér til aðstoðar við töfludráttinn. Þegar húið er að skoða úrtíning í fyrstu rétt, skal fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, koma honum í gæzlu milli rétta, og telst gæzlan með gangnaskilum.

35. gr.

Aðalréttir eftir fyrstu göngur skulu haldnar þá daga, er hér segir:

1. Stíflurétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars.
2. Flókadalsrétt, mánudaginn í 22. viku sumars.
3. Skálarétt, laugardaginn í 22. viku sumars.
4. Unadalsrétt, mánudaginn í 22. viku sumars.
5. Deildardalsrétt, þriðjudaginn í 22. viku sumar.
6. Kolbeinsdalsrétt, mánudaginn í 22. viku sumars.
7. Hagarétt, mánudaginn í 22. viku sumars.
8. Silfrastaðarétt, miðvikudaginn í 22. viku sumars.
9. Vesturdalsrétt, miðvikudaginn í 22. viku sumars.
10. Mælifellsrétt, miðvikudaginn í 22. viku sumars.
11. Staðarrétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars.
12. Bakkarétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars.
13. Stafnsrétt, fimtudaginn í 23. viku sumars.

Ef göngur eru færðar, breytast réttardagar eftir því.

36. gr.

Í hverri aukarétt skal jafnan réttað næsta dag á undan aðalrétt þeirri sem hún heyrir undir. Skulu tilkvaddir menn reka úrtíning úr aukaréttinni tafarlaust til aðalréttar, svo að hann sé þangað kominn, áður en fjáldrætti er lokið.

37. gr.

Í fjárréttum má enginn afmarka fé, nema hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra og réttarstjóra, hverja heimild hann hafi til þess. Hreppstjóri eða réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér, svo glattist eigi, mark kindarinnar, áður en því er breytt, og undir hvaða mark hún er mörkuð. Í ómakslaun bera hreppstjóra eða réttarstjóra 25 aurar frá þeim er markar.

VIII. KAFLI.

Um fjárhirðing í útréttum.

89

16. ágúst

38. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn, einn eða fleiri eftir þörfum, til að fara í réttir og á hreppaskil, svo og til að vera við úrtíningssölu annara sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar sauðfé og hross hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðan starfa, engan hæfan mann til að inna hann af hendi, hefir fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í manna-skiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er tillaginu á að svara.

39. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fé í réttum eða á hreppaskilum ann-ara sveita, má eigi fara þaðan fyrr en búíð er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá, og selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti verða þar eftir fé sveitunga sinna, sem er með glöggum skrásettu marki, eða týni því, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

Skylt er sendimanni að reka féð heim í hreppinn, og skal það síðan ganga rétta leið í bæjarrekstrum, nema gerðar séu aðrar ráðstafanir. Sé einhver skepna svo fötluð, að ekki verði rekin með öðru fé, skal hann koma henni í gæzlu og gera eiganda aðvart, er þá ber að vitja hennar á sinn kostnað.

IX. KAFLI.

Um heimasmölun á haustum.

40. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að smala heimaland sitt á haust-um, svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálf-ur. Vanræki einhver þessa skyldu, skal hreppsnefnd sjá um að löndin séu smöluð, og skulu eigendur og umráðamenn jarða, greiða kostnað þann er af því leiðir, eftir mati hreppsnefndar.

41. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa fyrir um reglulegar heima-landsgöngur jafnframt hverjum fjallgöngum. Á heimalöndum, er afréttarfén-aður gengur í að jafnaði, teljast göngurnar með fjallskilum, og skulu þær fara fram undir umsjón tiltekins manns, með samlögum búanda, eftir því sem bezt hagar á hverjum stað, og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við.

Allt geldfé, dilkar og hross er fyrir kemur í heimalöndum og ekki er

- 89 þegar hirt af eigendum, skal reka skilvíslega til réttar, þeirrar, er því ber að
 16. ágúst ganga til. Verði ágreiningur um, hvert féð skuli ganga, sker sýslunefnd úr því
 eða oddviti hennar til bráðabirgða.

42. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum allt til veturnótt, séu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag, og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd álíti annað haganlegra.

X. KAFLI.

Um fjárrekstra bæja milli.

43. gr.

Skyldur er hver búandi eða landsráðandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefnd skal ákveða rekstrarleiðir innanhrepps og út úr hreppnum. Ef fé er rekið afleiðis í bæjarrekstrum eða sleppt úr fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu. Hið sama gildir um fjárrekstra að vorinu.

44. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, þegar rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að vera, og reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skytt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir álíti hreppsnefndar.

XI. KAFLI.

Um eftirleitir einstakra manna.

45. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, er hverjum manni innan upprekstrarfélagsins heimilt að gera eftirleit á sinn kostnað. Nú finna menn fé í eftirleit, og skal hreppsnefnd ákveða fundarlaun eða björgunarlaun, nema öðruvísi hafi verið um samið fyrir fram milli hreppsnefndar og eftirleitar-manna. Til þess að samræmi sé í mati fundarlauna innan hvers upprekstrarfélags, skulu hreppsnefndir eða fulltrúar þeirra á fjallskilafundi koma sér saman um ákveðnar reglur fyrir því.

46. gr.

Fundarlaun fyrir óheimt fé, er finnst í eftirleitum, og björgunarlaun þess fjár, er finnst í ógönguklettum, greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess

hrepps, þar sem eigandi á heimili. Kostnað við heimrekstur þess ber eigandi sjálfur. Hið sama á við um hross. Fyrir heimanað sloppið fé, er finnst í eftir- 89
leit, borgar eigandi eftir mati hreppsnefndar. 16. ágúst

XII. KAFLI.

Um meðferð óskilafjár.

47. gr.

Öll ómörkuð lömb og folöld, sem ær eða hryssur ekki helga sér, svo og allt fé, með vafasömu marki, hvort heldur það kemur fyrir í réttum eða síðar að haustinu, skal afhenda hreppstjóra. Í réttum skal selja alla ómerkinga, er þar koma fyrir og eigi hafa fundið mæður, og annað fé, er enginn getur helgað sér.

Eftir að lokið er töfludrætti í síðari rétt, skal úrtíningur þegar seldur við opinbert uppboð. Uppboðið skal haldið af hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Gerir hann heyrum kunnugt, að uppboð byrji, birtir sölu-skilmála og tilnefnir tvo skilríka og markglögga menn til að lýsa mörkum og einkennum á hverri kind, áður en hún er seld, og ritar hann lýsing þeirra í uppboðsbókina. Ef marklýsingamenn greinir á, sker hreppstjóri úr ágreiningnum. Marklýsingamenn fá hæfilega þóknun fyrir starfa sinn eftir mati hreppsnefndar, og tekst hún af verði sölufjárins. Enginn, sem ekki er öðrum háður sem hjú, getur skorast undan þeim starfa, nema hann hafi gild forföll.

48. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur eða gjaldfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir álitum hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forystukindur, seldar með 4 vikna innlausnarfresti eftir söludag, og jafnlöngum gjaldfresti, og eru þeir ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum.

49. gr.

Óskilafé það, sem fyrir kemur eftir réttir og ekki finnst eigandi að, eða kemst ekki til eiganda sökum fjarlægðar, skal hreppstjóri selja við uppboð á þingstað hreppsins. Vestan Héraðsvatna skal sú sala fara fram þriðjudaginn í 25. viku sumars, og austan Héraðsvatna fimmtudaginn í 26. viku sumars, eða næsta dag sem fært er, ef veður bannar hinn tiltekna dag. Sýni nokkur vanrækslu í því að koma óskilafé á uppboðsstaðinn, varðar það sektum.

Gæzla óskilafjár austan Héraðsvatna frá næstu smölun til söludags telst með gagnaskilum.

50. gr.

Ef kind kemur fyrir í óskilum eftir hina almennu óskilafjársölu, skal hún afhent hreppstjóra, er gerir eiganda aðvart um að vitja hennar. Sé þess ekki

89 kostur, skal kindin seld við uppboð, er auglýst sé með nægum fyrirvara. Nú
16. ágúst finnst óskilakind í fé manns, eftir að óskilafé er selt, og fé almennt tekið til
hýsingar. Þekkist kindin og náist til eiganda, skal honum gert aðvart um að
vitja hennar. Verði að selja kindina, borgast ekkert gæzlukaup fyrir hana, og
ber sá, er hún fannst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur séu.

Sé manni dregin kind með hans marki, sem ekki er hans eign, er honum
óheimilt að halda henni hjá sér, í því skyni, að auglýsa markið sjálfur og
semja við eiganda. Ber honum að koma kindinni til hreppstjóra, svo að farið
verði með hana sem annað óskilafé.

51. gr.

Fyrir lok hvers ár skal hreppstjóri senda markaumsjónarmanni sýslunn-
ar lýsingu alls óskilafénaðar, er seldur hefir verið í hreppnum og andvirðið
eigi greitt eiganda. Umsjónarmaður sendir lýsingu alls óskilafjárins í sýsl-
unni til birtingar í Lögbirtingablaðinu. Í lýsingunni skal fyrst greint mark
hverrar skepnu í stafrófsröð, þá önnur einkenni og síðast nafn hreppsins, sem
hún var seld í. Í prentunarkostnað og ómakslaun ber umsjónarmanni 1 króna
fyrir hverja kind og 3 krónur fyrir hvert hross, er hreppstjóri skal senda hon-
um með marklýsingunni.

52. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist uppboðsskostnaður, þar með talinn inn-
heimtulaun, auglýsingakostnaður svo og fundarlaun eða björgunarlaun. Að
öðru leyti greiðist fjárverðið til eiganda, ef hann innan septemberloka næst á
eftir sannar eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða fjallskila-
sjóð þess hrepps, sem selt er í, eða sveitarsjóði eða fjallskilasjóði allra hreppa
í upprekstrarfélaginu að réttri tiltölu við fjárfjölda.

Þegar lokið er útborgun á óskilafjárandvirði hvers árs, skal hreppstjóri
afhenda oddvita afrit úr uppboðsbók hreppsins um alla óskilafjárstölu á ár-
inu, ásamt sundurliðaðri skýrslu um, hverjum fjárverðið er greitt. Skulu þau
skilríki fylgja sveitarsjóðsreikningnum eða fjallskilasjóðsreikningnum eða
vottorð hreppstjóra um, að ekkert óskilafé hafi verið selt í hreppnum.

XIII. KAFLI

Um hrossahirðing á haustum.

53. gr.

Í fyrri eða síðari göngum á haustin, skal ásamt sauðfé smala stóðhross-
um af afréttum og úr heimahögum, og rétta þau í fyrri eða síðari rétt á undan
fjárundurdrætti. Ef haganlegra þykir í einhverju upprekstrarfélagi, að rétta
hross annan dag en sauðfé, geta hreppsnefndir upprekstrarfélagsins komið
sér saman um það, og skal þá ákveðinn sérstakur hrossaréttardagur. Hrepps-

nefndir skulu hlutast til um, að hrossum þeim, sem dregin eru í réttum, sé ekki heimildarlaust sleppt í annara land, og getur hreppsnefnd metið heimrekstur hrossanna úr hverju dilksfélagi sem gangnaskil. 89
16. ágúst

54. gr.

Réttarstjóri skal gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld, og má enginn taka þau til hirðingar, nema með samþykki hans. Hross þau, er eftir verða óhirt, þegar töfludrætti er lokið, hvort heldur í fyrri eða síðari eða sérstakri hrossarétt, skulu þegar seld við opinbert uppboð af hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Gilda um það sömu ákvæði og um sölu óskilafjár í réttum, þó svo, að við sölu markaðra hrossa skal vera 12 vikna innlausnarfrestur eftir söludag. Gjaldfrestur er einnig 12 vikur. Hrossin skulu vera í geymslu hjá kaupanda frá söludegi, en ekki í ábyrgð hans fyr en að innlausnarfresti liðnum. Gæzlukaup er 10 aurar fyrir hvert hross um sólarhring og reiknast frá söludegi til loka innlausnarfrests. Ef hross koma á hús og hey, skal fóðurkostnaður greiddur eftir mati hreppsnefndar. Sé hross eigi innleyst, svo að hæstbjóðandi verði eigandi að því, ber honum ekkert gæzlukaup fyrir það. Sömuleiðis fellur niður gæzlukaup, ef hross sleppur úr geymslu, nema eiganda verði um kennt.

55. gr.

Í þeim hreppum sýslunnar, þar sem stóðhross eru að mun, skal almenn hrossasmölun fara fram fyrsta þriðjudag í vetri og síðan fyrsta þriðjudag í desember og hverjum mánuði vetrarins úr því, eða næsta dag sem fært er, ef veður bannar hinn tiltekna dag. Skulu hrossin réttuð og dregin sundur á þeim stöðum, er hreppsnefnd ákveður og auglýsir fyrirfram. Vanræki einhver smölun, svo að hross hafi orðið eftir í landi hans, skal hann reka þau á sinn kostnað til eiganda, eða ef hann þekkist eigi, til hreppstjóra, sæti ella sektum og skaðabótum.

Um óskilahross, sem koma fyrir við hinar almennu smalanir, gilda sömu ákvæði og um óskilahross í réttum. Ef óskilahross koma fyrir að vetrinum milli smalana, skal landráðandi gera eiganda aðvart um að hirða þau. Þekkist ekki eigandi, eða ekki næst til hans, sökum fjarlægðar, eða hrossa er eigi vitjað innan viku frá því að eigandi fékk tilkynningu, skal fara með þau sem óskilahross á haustum. Uppboð á þeim skal haldið á þingstað hreppsins og auglýst með nægum fyrirvara.

56. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum og öðru óskilafé, sem selt er með innlausnarfresti, skal hreppstjóri innan tveggja sólarhringa senda áleiðis til hreppstjóra í nálægum hreppum innan sýslu og utan nákvæma lýsingu á þeim til birtingar fyrir almenningi. Í lýsingunni skal tilgreint nafn og heimili kaupanda.

89

16. ágúst

57. gr.

Finnist óheimt stóðhross á afréttum, eða fjarri byggðum eftir göngur á haustum, skal hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem finnandi á heima, ákveða fundarlaun eða björgunarlaun, er greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, þar sem eigandi á heimili. Þessu mati má, ef ágreiningur verður, skjóta til sýslunefndar.

XIV. KAFLI

Um fjármörk og markaskrár.

58. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfé er soramarkað, þá brennimerkja á hornum. Svo er það og skylda hvers fjáreiganda, að hafa hreppsrennimark á öllu hyrndu fé eldra en lömbum. Ef einhver vanrækir að hafa hreppsrennimark á fé sínu, getur hann ekki krafizt skaðabóta, þó að fé hans verði eftir í útréttum eða úrtíningi, eða fari skakka leið í bæjarrekstrum. Forystufé, sem á afrétt gengur, skal hafa til auðkennis bjöllu eða bjöllumkeng í horni, ella getur eigandi ekki krafizt bóta, þó að slíkt fé sé við óskilafjárölu selt án innlausnarfrests.

Rétt er að hver fjáreigandi auðkenni fé sitt á haustum jafnóðum og það heimtist, með glöggu merki á höfuð. Vanræki einhver að auðkenna þannig fé sitt, ber honum sjálfum að borga fundarlaun eða björgunarlaun fyrir hverja sína kind, er finnst í eftirleitum, en hvorki fjallskilasjóði né sveitarsjóði.

59. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er honum óheimilt að draga sér, þótt lítið vanti á fullt mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefir eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess er brennimarkið á, þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignazt kindina. Óheimilt er að nota annars mark, nema með leyfi markeiganda.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða vafasamt, en maður vill eigna sér hana af líkum, og getur hann borið málið upp við hreppstjóra. Skal þá hreppstjóri ásamt tveim óvillhöllum mönnum, er hann til kveður, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefir til stuðnings máli sínu. Ef þeim öllum kemur saman um, að miklar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Sé hann óánægður með úrslitin, er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn. Sama gildir um hross marklaus eða með óglöggu marki.

60. gr.

89

16. ágúst

Enginn má taka upp mörk, er líkist svo mörkum í gildandi markaskrá, að ætla megi að valda kunni misdrætti, nema með leyfi þeirra, er lík mörk eiga. Særingarmörk mikil má ekki upp taka, né heldur þau mörk, sem vandhæfi er á að marka svo, að eigi valdi villu eða vafa: bragð, netnál, hvathamrað, blaðrifað, helmingrifað, þrírifað, þristúfrifað, sýlt í blaðstýft, sýlt í hamar, sýlt í hvatt, sýlt í helmingað, sýlt í stúf, tvístýft í stúf. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra. Mörk þau, er bann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Séu þau fleiri en hér eru talin, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

61. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna 5. hvert ár, er ártalið stendur á heilum eða hálfum tug, og skal þar með fylgja fjallskilareglugerð sýslunnar þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skal hver mark-eigandi koma marki sínu í hana, og borga fyrir það sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili fær ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörðinni við ábúandaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur geta komið fyrir.

Áður en mörkum er safnað til prentunar, skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráning og prentun, svo og umsjón með upptöku marka. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi eigi gjaldið, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

62. gr.

Sýslunefnd kys mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Kosning hans gildir um 5 ár í senn. Kaup hans að meðtöldum öllum kostnaði við starf hans er 10% af markagjaldi sýslunnar, nema öðru vísi sé um samið.

Rétt er, að markaumsjónarmaður geri sér far um, að koma samræmi og festu á nöfn marka. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, en þó frammar fyrr en aftan. Mörk eru flokkuð eftir formarki á hægri eyra, og skal það fyrsta í hverjum flokki skráð fullum stöfum, hin síðari með strikum. Innan flokks ræður hægri eyra röðinni, en vinstra eyra, þegar sama mark er hægri. Í fyrsta flokki teljast þau mörk, sem hægri eyra er alheilt, og fremst í hverjum flokki þau, sem vinstra eyra er marklaust. Í markalýsingu er fyrst greint yfirmark, þá undirbenjar framan og aftan, og fyrr sú efri, ef tvær eru sama megin, síðast undirmark á miðju eyra.

63. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, kjósa mann til að safna mörkum í hreppnum og innheimta gjald fyrir þau. Í ómakslaun ber honum 10% af

- 89 markagjaldi hreppsins. Kosningu hans skal oddviti tilkynna markaumsjónarmanni fyrir septemberlok það ár, sem mörkum er safnað.
16. ágúst

Markasöfnun fer fram í októbermánuði árið áður en markaskrá ber að prenta. Skal henni haga svo, að hvert mark sé ritað á sérstakan seðil með fullu nafni og heimili markeiganda. Öll afbrigði frá öðrum mörkum, hversu litlu sem munar, teljast sérstök mörk, og má ekki taka þau til greina, nema fullt gjald komi fyrir. Markaseðlar skulu tilbúnir fyrir hausthreppaskil, og skal þá hver húsráðandi afhenda safnanda alla seðla frá sínu heimili, ásamt gjaldi fyrir mörkin. Jafnskjótt og safnandi hefir veitt seðlum móttöku, skal hann vandlega athuga mörkin, með samanburði við gildandi markaskrár, og hlutast til um leiðréttingu á þeim, sem misrituð kunna að vera, og breytingu á þeim, sem koma í bága við ákvæði reglugerðar um upptöku marka. Síðan skal hann merkja seðlana með framhaldandi tölulíðum í réttri röð, og senda þau markaumsjónarmanni fyrir nóvemberlok. Skal þar með fylgja markagjald hreppsins, að frádregnum ómakslaunum safnanda. Þá er umsjónarmaður hefir prófað, að gjaldið sé rétt talið, afgreiðir hann það til oddvita sýslunefndar.

Jafnframt markaseðlum skal safnandi hvers hrepps senda markaumsjónarmanni nákvæma skýrslu um öll nýupptekin mörk í hreppnum og sömuleiðis þau mörk, þótt gömul séu, sem eigi hafa staðið í síðustu markaskrá. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið í skýrslunni, hvern rétt hlutaðeigandi hafi til marksins, og hvenær það var síðast prentað. Með nýuppteknum mörkum teljast afbrigði frá eldri mörkum, þótt litlu muni.

Eftir að markaskrá er prentuð, skal safnandi vandlega athuga hana, að því er snertir öll mörk í hreppnum. Finni hann villur, er valdið geta misdrætti skal hann í samráði við markeigendur semja leiðréttingar og senda þær markaumsjónarmanni fyrir árslok. Leiðréttingarnar skulu prentaðar á kostnað sýslusjóðs gegn endurgjaldi frá þeim, sem að villunum eru valdir.

64. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borizt markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðla úr hreppnum, síðan allar skýrslurnar saman sín í milli, og loks hverja skýrslu saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, er teljast of lík eldri mörkum, svo og ný mörk er líkjast of mjög hvert öðru og ennfremur mörk, sem ekki má upp taka samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Þau mörk, sem niður eru feld af umsjónarmanni, má ekki prenta í markaskrá sýslunnar. Nú hefir verið fellt niður mark, og skal þá umsjónarmaður tilkynna það marktakanda bréflega, og jafnframt benda honum á mark, er hann geti fengið, sem líkast því er hann hafði kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi umsjónarmanns fyrir febrúarlok, má líta svo á, að hann taki upp markið, og skal það prentað í markaskránni.

Ef einhver vill taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal

hann leita samþykkis umsjónarmanns, og að því fengnu auglýsa markið í lög- 89
birtingablaði. Eftir það er honum markið frjálst til notkunar, en óheimilt að 16. ágúst
öðrum kosti.

65. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir sem flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni, þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda, áður en 10 vikur eru af sumri, til hreppsnefnda í nálægum hreppum innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir sem vanrækja þetta eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að farið sé með fé þeirra sem óskilafé, og sæti þar að auki sektum.

66. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir Eyjafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu um ráðstafanir til að afstýra sammerkjum og námerkjum á því svæði er fjársamgöngur geta komið fyrir. Takist téð samvinna, skulu markaumsjónarmenn sýslanna koma saman á fundi í janúar-mánuði það ár, sem markaskrár á að prenta, til þess að hafa eftirlit með upp-töku marka. Á fundinum skulu umsjónarmenn leggja fram nákvæma skýrslu, hver fyrir sína sýslu um öll nýupptekin mörk og þau eldri mörk, sem eigi hafa staðið í síðustu markaskrá. Skýrslur þessar skulu vandlega athugaðar, og felld niður þau ný-upptekin mörk er teljast of lík eldri mörkum eða líkjast of mjög hvert öðru, og má þá ekki prenta þau í markaskrá sýslanna. Jafn-framt skulu fundarmenn koma sér saman um önnur ný mörk, er upp megi taka í stað þeirra er niður eru felld.

Ef markaeftirlitsfundur ferst fyrir, eða getur eigi orðið haldinn í tæka tíð, skulu markaumsjónarmenn bera sig saman bréflega. Skal umsjónarmaður hvernar sýslu senda umsjónarmönnum hinna sýslanna skýrslu um öll ný-upptekin mörk í sýslunni, að undanskildum þeim mörkum, er hann hefir felld niður, en að viðbættum þeim mörkum, er hann hefir bent hlutaðeigendum á að taka upp í þeirra stað. Ber umsjónarmönnum að annast um, að ekkert af þeim nýuppteknu mörkum, er valdið geta sammerkingum eða námerkingum á því svæði er fjársamgöngur eiga sér stað, verði prentað í markaskrá sýslanna.

XV. KAFLI.

Um rekstur og eftirlit sölu- og slátrunarfénaðar.

67. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir. Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður. Skal hann geta gert nákvæma grein fyrir tölu rekstrarfjáris.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera greinilega merkt, hvítar kindur með svörtum lit á vinstri vanga, svartar kindur með hvítum lagði í malir og mislitar kindur með lit eða lagði, eftir því sem við á.

Eftirlit skal hafa með sölu sauðfjár og hrossa sem hér segir: Þegar sauðfé er keypt á mörkuðum, skulu hreppsnefndir í þeim hreppum, þar sem markaðir eru haldnir, sjá um, að gættinn og markglöggur maður fylgi markaðshöldurum eftir og skoði mörk á öllu því fé, sem selt er.

Í kauptúnunum skulu þeir, er við fé taka til slátrunar, hafa sérstakan mann, gættinn og markglöggan, til þess að skoða mörk á öllu því fé, sem hjá þeim er slátrað. Komi fyrir við þessar skoðanir á mörkuðum, eða í kauptúnunum, kindur með óglöggum mörkum, eða sem vafi getur leikið á, hvort sé rétt eign seljanda, skulu markskoðendur við votta skrifa upp aldur, lit og mark kindarinnar, svo og skýringar seljanda og senda þær svo fljótt sem unnt er til hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem seljandi á heima.

Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar, til þess að skoða mörk á öllum þeim hrossum, sem þar eru seld á markaði. Skulu markaskoðunarmenn semja nákvæma skýrslu um öll þau hross, er seld eru á markaðinum, og greina þar frá aldri, lit, kyni og marki, og nafni þess manns, er selur, ásamt nafni eiganda, ef það tvent fer ekki saman. Skýrslu þessa skulu þeir afhenda sýslumanni þegar að afstöðnum markaði. Komi upp vafi um eyrnamark, eða eigandarétt, skal fara með það eins og áður er fyrirmælt um sauðfé.

Borgun til þeirra manna, er skoða fjármörkin í sveitunum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum, en til þeirra er skoða hrossamörk af hlutaðeigandi markaðshaldara. Þeir er fé taka til slátrunar, kosta sjálfir þann mann, sem mörkin skoðar. En þann mann, sem aflífar eða sker féð, má ekki nota til þess að skoða mörkin.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er lönd þau eiga, sem um er rekið, eða í er áð. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið. Þegar reka skal söluféð úr sýslunni, skal skýrsla gerð um tölu og mörk á því fé. Skal skýrsla þessi gerð í tvennu lagi. Annað eintakið sé afhent hlutaðeigandi hreppstjóra þegar rekstur fer, en hitt hafi formaður sölurekstrar undir höndum, og fái hann á það áritun eftirlitsmanns á sölustaðnum, um að skráin sé rétt, og afhendi síðan hreppstjóra, þegar heim er komið.

Nú ber svo til, að öðru fé lendir saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstr-

inum og gæta þess vandlega að engin kind verði eftir, sem eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður, telja rekstrarféð. Skyldir eru heimamenn eftir föngum að hjálpa til að kanna reksturinn. Ber yfirmanni rekstursins að sjá um, að fé, það, er saman við hefir farið, komist í átthaga sína eigendum kostnaðarlaust. 89
16. ágúst

71. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið fé annara í rekstur heimildarlaust, skal yfirmður bæta eigendum það að fullu eftir samkomulagi eða mati óvilhallra manna, er sýslumaður kveður til þess, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

72. gr.

Yfirmaður sölufjárreksturs skal annast um, að rekstrarreglum þessum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim er kærir, en á aftur aðgeng að samrekstrarmönnum sínum ef þeim er um að kenna.

XVI. KAFLI.

Almenn ákvæði.

73. gr.

Ef meiri hluti búenda í upprekstrarfélagi samþykkir á almennum sveitarfundi að leggja girðingu til að varna því, að sauðfé og stóðhross gangi úr af-rétti á sumrum í búfjárhaga, er hreppsnefndum upprekstrarfélagsins heimilt að setja reglur um slíka girðingu, þar sem nákvæmlega sé mælt fyrir um alla tilhögun girðingarinnar og viðhald. Kostnaði við girðinguna skal jafnað niður á notendur afréttarins eftir tölu sauðfjár og hrossa, sem á afrétt eru rekin eða ber að reka. Sé girðingin eingöngu gerð til varnar gegn ágangi stóðhrossa, skal kostnaðinum jafnað niður á stóðhross upprekstrarfélagsins, sem ber að reka á afrétt, og önnur hross, er á afréttinn eru rekin.

Reglur þessar skulu bornar undir sýslunefnd til staðfestingar, og gilda sem bindandi samþykkt fyrir upprekstrarfélagið, unz þeim er breytt á sama hátt og þær eru gerðar.

74. gr.

Það er stranglega bannað, að svelta fénað frekara en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæzlu, fjallgöngum eða heimalandssmölun. Brot gegn þessu varðar skaðabótum og hegningu að lögum.

75. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Sömu leiðis heyra undir úrskurð hennar allar kærur og kröfur á hend-

- 89 ur hreppsnefndum og hreppstjórum, snertandi fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

76. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 5—100 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

77. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

78. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. sept. 1935 og fellur þá jafnframt úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 29, frá 1. maí 1918 og eftirgreindar reglugerðir um breytingar og viðauka á henni: Reglugerð nr. 53, 3. maí 1919, reglugerð nr. 12, 9. apríl 1920, reglugerð nr. 13, 7. apríl 1923 og reglugerð nr. 49, 31. júlí 1924.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hérmeð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1935.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða á Siglufirði.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal lokað eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. gr. Lyfjabúðir sem verzla með varning, sem verzlunarleyfi þarf til, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 30. júní skulu sölubúðir lokaðar virka daga frá kl. 7 síðd. til kl. 8 árdegis, á laugardögum þó frá kl. 4 síðd. Frá 1. júlí til 30. september frá kl. 7 síðd. til kl. 8 árdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir gamlárskvöld og aðfangadag jóla, skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.